

**47. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. október 2016 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1411092 - Starfshættir skóla- og frístundaráðs 2014-2018

Skóla- og frístundaráð hefur haft starfsáætlun mála til hliðsjónar við undirbúning funda.

Skóla- og frístundaráð býður Valgerði Janusdóttur velkomna til starfa sem sviðsstjóra á skóla- og frístundasviði. Farið var yfir starfsáætlun ráðsins og forgangsröðun rædd.

2. 1610012 - Klifurfélag ÍA - styrkumsókn

Borist hefur beiðni frá Klifurfélagi ÍA um styrk vegna íþróttastarfs félgsins.

Skóla- og frístundaráð fagnar uppbyggingu Klifurfélags ÍA á Akranesi. Ráðið getur ekki orðið við erindinu en bendir félaginu á næstu úthlutun styrkja sem fer fram 2017.

3. 1610039 - Dagforeldrar starfsemi

Á Akranesi eru starfandi 18 dagforeldra á 15 heimilum. Foreldrar með lögheimili og fasta búsetu á Akranesi eiga rétt á niðurgreiðslu samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar þar um. Akraneskaupstaður hefur samstarf, umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra.

*Upplýsingar lagðar fram um starfsemi dagforeldra á Akranesi.
Sigrún vék af fundi kl. 9:45.*

4. 1610047 - Söngskóli Brynju - nýting tómstundaframlags

Söngskóli Brynju, starfræktur á Akranesi, sækir um aðild að tómstundaframlagi Akraneskaupstaðar. Söngskólinn hóf starfsemi sína haustið 2016. Námskeið verða að jafnaði 10-12 vikur en sökum þess hversu seint starfið fór af stað í haust er boðið upp á 8 vikna námskeið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að Söngskóli Brynju fái aðild að tómstundaframlagi Akraneskaupstaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:50.

*Sigríður Indriðadóttir
Rakel Óskarsdóttir*

Kristinn Hallur Sveinsson

Valgerður Janusdóttir

Svala Kristín Hreinsdóttir

Sigrún Inga Guðnadóttir